

Fundargerð 248. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: „Teams“ fjarfundakerfi/Fundarsalur Þingborg
Fundardagur: þriðjudagur 30. apríl 2021
Fundartími: 12:15 – 13:20
Fundarmenn: Árni Eiríksson oddviti
Hrafnkell Guðnason varaoddviti
Margrét Jónsdóttir
Rósa Matthíasdóttir
Sigurður Ingi Sigurðsson
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Samþykkt að bæta við liðnum Önnur mál: Kaup á rafmagnsbifreið fyrir vinnuskóla og fasteignasvið.
Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 215, dags. dags. 10.03.2021

a) Sviðugarðar land L210074; Gögn vegna byggingaleyfis; Fyrirspurn – 2103101

Lögð er fram fyrirspurn frá Þórlaugu Bjarnadóttur er varðar hugsanlega umsókn um byggingarleyfi fyrir sumarhúsi á landi Sviðugarða í Flóahreppi.

Skipulagsnefnd mælist til þess að sveitarstjórn Flóahrepps fari fram á að að framlagt deiliskipulag frá 2006 verði uppfært og það lagt fram til samþykktar skipulagsnefndar UTU. Nefndin mælist til þess að umsókn um byggingarleyfi fyrir sumarhúsi innan svæðisins verði grenndarkynnt í samræmi við 44. gr. skipulagslaga komi fram umsókn um slíkt áður en deiliskipulag svæðisins klárast í ferli.

Lögð er fram fyrirspurn um hugsanlegt byggingarleyfi fyrir sumarhúsi í Sviðugörðum L210074 frá Þórlaugu Bjarnadóttur. Sveitarstjórn Flóahrepps óskar eftir að deiliskipulag frá árinu 2006 verði uppfært og lagt fyrir skipulagsnefnd UTU. Liggi uppfært skipulag ekki fyrir, þarfnast umsókn um byggingarleyfi grenndarkynningar í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Bókun samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Hjálmholt L216498; Íbúðalóð á landbúnaðarsvæði; Deiliskipulagsbreyting – 2103108

Lögð er fram umsókn frá Sigrúnu Guðjónsdóttir er varðar breytingu á deiliskipulagi lóðar Hjálmholt L216498. Í breytingunni felst að skilgreind frístundalóð innan deiliskipulags verði íbúðarlóð. Lóðin er staðsett innan landbúnaðarsvæðis í aðalskipulagi Flóahrepps.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Nefndin bendir á að grundvöllur þess að unnt sé að breyta notkun húsnæðis á lóðinni er að húsið standist þær kröfur sem gerðar eru til íbúðarhúsa samkvæmt byggingarreglugerð.

Lögð fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi á lóðinni Hjálmholt L216498. Óskað er eftir að notkun stakrar lóðar á landbúnaðarsvæði, breytist úr frístundalóð í íbúðarlóð. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi erindi og felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Merkurhraun 2 L2077337; Úr sumarbústaðalóð í íbúðarhúsalóð

Lögð er fram umsókn frá Ríp ehf. fh. landeiganda að Merkurhrauni 2 L2077337 er varðar breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps og deiliskipulagi svæðisins. Í breytingunni felst að heimiluð verði heilsársbúseta á svæðinu og uppbygging íbúðarhúsnæðis.

Skipulagsnefnd UTU vísar málinu til umræðu og afgreiðslu sveitarstjórnar Flóahrepps. Nefndin mælist til þess að við hugmyndir um endurskoðun landnotkunar innan aðalskipulags verði horft til heildstæðra svæða. Sé sveitarstjórn Flóahrepps jákvæð fyrir skilgreiningu íbúðarbyggðar á núverandi frístundasvæðum verði forsendur þess skýrar svo ekki skapist óþarfa fordæmi fyrir viðlíka breytingum innan annarra ótengdra frístundasvæða sveitarfélagsins. Horft verði sérstaklega til aukins þjónustustigs íbúðasvæða í því samhengi.

Lögð fram umsókn frá eiganda að Merkurhrauni 2 L207337, þar sem óskað er eftir breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps og deiliskipulagi svæðisins. Óskað er eftir breytingu á svæðinu úr frístundasvæði í íbúðasvæði og að lóðinni verði breytt úr frístundalóð í íbúðarlóð.

Skilyrði fyrir því að Flóahreppur geti farið í aðalskipulagsbreytingu er að þær lóðir sem óskað er eftir breytingu á myndi samfelldan fleka sem liggja að landbúnaðarsvæði/íbúðasvæði. Um þetta þarf að vera samstaða meðal lóðaeigenda og erindi frá sumarhúsaeigendum til sveitastjórnar þarf að fylgja undirritun allra þeirra lóðaeigenda/lóðanúmer sem málið varðar og hugsa sér að sækja um þessa breytingu.

Í kjölfar þess gæti Flóahreppur gert breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins sem fælist í því að frístundalóðum yrði breytt í íbúðalóðir. Sumarhúsaeigendur þyrftu að leggja fram nýtt deiliskipulag fyrir svæðið á forsendum íbúðarbyggðar og þeirrar þjónustu sem íbúðabyggð fylgir. Kostnaður sem því fylgdi yrði greiddur af sumarhúsaeigendum.

Bókun samþykkt með 5 atkvæðum

d) Skálmholt L166375; Stækkun byggingarreits og aukin byggingarheimild; Deiliskipulagsbreyting – 2103111

Lögð er fram umsókn frá Jóni Árna Vignissyni fh. Ölhóls ehf. er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Í breytingunni felst aukin byggingarheimild vegna skemmu innan byggingarreits Ú-1 og heimild til að reisa lítið gestahús innan íbúðareits Í-1.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Lögð fram beiðni um óverulega breytingu á deiliskipulagi í Skálmholti L166375 vegna stækkunar byggingarreits og aukinnar byggingarheimildar vegna byggingarreits Ú – 1 og heimildar til þess að byggja gestahús innan íbúðareits Í – 1.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir breytinguna með 5 atkvæðum og felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

e) Rimar 3 L212343; Tegundir bygginga; Skilmálabreyting; Deiliskipulagsbreyting – 2104012

Lögð er fram umsókn frá Benedikt Steinari Magnússyni er varðar breytingu á deiliskipulagi að Rimum 3 í landi Súluholts. Í breytingunni felst breyting á skilmálum deiliskipulagsins í lið 2.2. er varðar byggingarheimildir. Núverandi skilmálar eru:

"2.2. Staðsetning húsa. Heimilt er að byggja 3 hús á hverri lóð; íbúðarhús/bílskúr, skemmu og útihús t.d. hesthús. Byggingarreitir er sýndur á uppdrætti og skulu hús staðsett innan byggingarreits og í samráði við byggingarfulltrúa"

Verður eftir breytingu:

"2.2. Staðsetning húsa. Heimilt er að byggja 3 hús á lóð, íbúðarhús/bílskúr, útihús (s.s. hesthús eða skemmu) og aukahús á lóð (s.s. gestahús eða gróðurhús) innan hámarks byggingarmagns lóðar sem er 800 m2. Byggingarreitir er sýndur á uppdrætti og skulu hús staðsett innan byggingarreits og í samráði við byggingarfulltrúa"

Í breytingunni felst því ekki aukning á byggingarmagni innan lóðar.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Lögð fram beiðni um óverulega breytingu á deiliskipulagi í Rimum 3 L212343 sem felst í því að óskað er eftir heimild til þess að bæta við aukahúsi á lóð (s.s. gestahús eða gróðurhús) Ekki

er um að ræða aukningu á hámarks byggingarmagni innan lóðarinnar og gert er ráð fyrir að hús sé staðsett í samráði við byggingarfulltrúa innan núverandi byggingarreits. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi umsókn og felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum

f) Syðri – Gróf 1 L166372; Syðri – Gróf 2 L166373; Breytt afmörkun jarða – 2104018

Lögð er fram umsókn Öldu Stefánsdóttur f.h. Bjarna Pálssonar, dags. 12. apríl 2021, um staðfestingu á afmörkun jarðanna Syðri-Gróf 1 L166372 og Syðri-Gróf 2 L166373. Verið er að skilgreina mörk Syðri-Grófar 1 og endurskilgreina mörk Syðri-Grófar 2 en ekki hefur legið fyrir hnitsett afmörkun jarðanna fyrr en nú. Hvorug jörðin hefur skráða stærð í fasteignaskrá en skv. fyrirbyggjandi afmörkun þá mælist Syðri-Gróf 1 með stærðina 10,77 ha og Syðri-Gróf 2 mælist 202,73 ha. Fyrir liggur samþykki eigenda aðliggjandi landeigna í meðfylgjandi gögnum fyrir utan Efri-Gróf, Árgerði, Forsæti og Mýrum þar sem staðfest mörk gagnvart þeim liggja þegar fyrir.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við staðfestingu á afmörkun jarðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.

Lögð fram umsókn Öldu Stefánsdóttur f.h. Bjarna Pálssonar um staðfestingu á afmörkun jarðanna Syðri Gróf 1 L 166372 og Syðri Gróf 2 L166373 ásamt hnitsettum gögnum. Fyrir liggja gögn um samþykki eigenda aðliggjandi landeigna og/eða staðfest mörk.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi umsókn með 5 atkvæðum.

g) Afgreiðslur byggingarfulltrúa n- 21 – 140 – 2103004F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 21. apríl 2021.

2. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 216, dags. 28.04.2021

a) Hallandi L166310-166315; Engjar 1 – 11; Frístundasvæði; Deiliskipulag – 2010098

Lögð er fram deiliskipulagstillaga fyrir frístundasvæði að Hallanda í Flóahreppi eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst afmörkun á legu lóða og byggingareita og skilgreining á byggingarheimildum innan svæðisins. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og hefur verið brugðist við athugasemdum innan greinargerðar og á uppdrætti skipulagsins. Athugasemdir komu fram við afgreiðslu málsins á 213. fundi skipulagsnefndar og var afgreiðslu málsins frestað. Lagt fram að nýju með uppfærðum gögnum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi fyrir frístundasvæði að Hallanda L166310 – 166315; Engjar frístundasvæði, að lokinni auglýsingu. Brugðist hefur verið við athugasemdum sem bárust á auglýsingatíma, og á fundi skipulagsnefndar nr. 213 með uppfærslu á uppdrætti og greinargerð. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram á grundvelli 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið tekur gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Stóra Ármót L166274; Rannsóknarboranir; Framkvæmdaleyfi – 2104042

Lögð er fram umsókn frá Selfossveitum er varðar framkvæmdaleyfi fyrir rannsóknarborunum í landi Stóra Ármóts.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að framkvæmdaleyfi fyrir rannsóknarborunum á svæðinu verði samþykkt með fyrirvara um grenndarkynningu gagnvart landeigendum aðliggjandi jarða.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi umsókn Selfossveitna um framkvæmdaleyfi fyrir rannsóknarborholum í landi Stóra Ármóts L166274, með fyrirvara um jákvæðar niðurstöður grenndarkynningar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Hróarsholt (L192451); umsókn um byggingarleyfi; íbúðarhús með innfelldum bílskúr – 2104038

Fyrir liggur umsókn Óskars Þ. Óskarssonar fyrir hönd Dako ehf., móttokin 14.04.2021, um byggingarleyfi til að byggja 291,3 m² íbúðarhús með innbyggðum bílskúr á jörðinni Hróarsholt L192451 í Flóahreppi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Lögð fram umsókn Dako ehf. um byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi með innfelldum bílskúr á jörðinni Hróarsholti L 192451. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi beiðni með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar málinu til afgreiðslu hjá byggingarfulltrúa.

Samþykkt með 5 atkvæðum

d) Hróarsholt spilda F1 L197221; Malarnáma 49.000 m³; Aðalskipulagsbreyting – 1901061

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til skilgreiningar á námu í landi Hróarsholts spildu F1 eftir kynningu lýsingar. Athugasemdir bárust á kynningartíma lýsingar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að fallið verði frá breytingu á aðalskipulagi vegna framkominna athugasemda nággranna aðliggjandi landeigna við kynnta lýsingu verkefnisins. Samkvæmt framlagðri skiptayfirlýsingu dags. 3. júlí 1981 eru námuréttindi jarðarinnar í sameign. Skilgreining námu á svæðinu er því í öllum tilfellum háð samþykki allra hlutaðeigandi landeigenda úr upprunajörð Hróarsholts að mati nefndarinnar.

Lögð fram tillaga að aðalskipulagsbreytingu í Hróarsholti spildu F1 L197221 að loknum auglýsingartíma, þar sem óskað er eftir skilgreiningu á námu. Einnig lögð fram skiptayfirlýsing upprunajarðarinnar Hróarsholts frá 3. júlí 1981 ásamt athugasemdum sem bárust á kynningartíma.

Þar sem ekki liggur fyrir samþykki allra hlutaðeigandi landeigenda sem eiga land úr upprunajörð Hróarsholts, samkvæmt framlagðri skiptayfirlýsingu dags. 3. júlí 1981, þá fellur sveitarstjórn Flóahrepps frá umræddri breytingu.

Bókun samþykkt með 5 atkvæðum.

e) Hjálmsnáma; Efnistaka; Viðbót; Umsagnarbeiðni – 2104075

Nesey ehf. hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tillögu að matsáætlun vegna efnistöku úr Hjálmsnámu í Flóahreppi, móttokin 19. mars 2021, skv. 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Skipulagsstofnun hefur óskað eftir umsögn sveitarfélagsins um tillögu að matsáætlun viðkomandi framkvæmdar skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 106/2000 og 17. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum. Lagt fram til afgreiðslu skipulagsnefndar.

Tillaga matsáætlunar er verkáætlun vegna fyrirhugaðs mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Innan skýrslunnar er farið yfir alla helstu þætti sem teknir verða til skoðunar innan frummatsskýrslu verkefnisins. Skipulagsnefnd telur að tillaga matsáætlunar geri grein fyrir framkvæmdinni og umhverfi hennar á fullnægjandi hátt. Nefndin telur að matið taki til allra þeirra umhverfisþátta sem framkvæmdin geti haft áhrif á. Framkvæmdir innan svæðisins eru eftir atvikum háðar útgáfu framkvæmda- og/eða byggingarleyfa sé gert ráð fyrir aðstöðuhúsum innan svæðisins. Nefndin telur mikilvægt að unnið verði deiliskipulag fyrir svæðið til nánari skilgreiningar á framkvæmdaheimildum innan þess sem taki mið af umhverfismati verkefnisins.

Lagt er fram erindi frá Skiplagsstofnun þar sem óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar Flóahrepps. Umsögnin varðar tillögu að matsáætlun vegna efnistöku úr Hjálmsnámu sem móttokin var af Skipulagsstofnun 19.04.2021 skv. 8 gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Innan framlagðrar skýrslu er farið yfir alla helstu þætti sem teknir verða til skoðunar í frummatsskýrslu verkefnisins. Sveitarstjórn Flóahrepps telur að tillagan geri grein fyrir framkvæmdinni og umhverfi hennar á fullnægjandi hátt og taki til allra þeirra umhverfisþátta

sem framkvæmdin geti haft áhrif á en þó þarf að taka mið af því að rekin er ferðaþjónusta í næsta nágrenni. Framkvæmdir innan svæðis eru eftir atvikum háðar útgáfu framkvæmda- og/eða byggingarleyfa sé gert ráð fyrir aðstöðuhúsum innan svæðisins. Sveitarstjórn telur mikilvægt að unnið verði deiliskipulag fyrir svæðið til nánari skilgreiningar á framkvæmdaheimildum innan þess sem taki mið af umhverfismati verkefnisins. Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við framlögð gögn að öðru leyti en að koma þarf fram að rekin er ferðaþjónusta í Hraunmörk sem er í innan við eins km fjarlægð.

Bókun sveitarstjórnar samþykkt með 5 atkvæðum.

f) Afgreiðslur byggingarfulltrúa nr. - 21 – 139 – 2103002F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 21. apríl 2021.

3. Erindi frá Golfklúbbi Selfoss – umsókn um framkvæmdaleyfi

Lögð fram umsókn ásamt kynningargögnum frá Golfklúbbi Selfoss um framkvæmdaleyfi vegna stækkunar Svarfhólsvallar í Flóahreppi.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli framlagðrar umsóknar. Sveitarstjórn telur umsóttu framkvæmd vera í samræmi við gildandi deiliskipulag svæðisins og framlögð gögn vegna umsóknar um framkvæmdaleyfi. Jafnframt liggur fyrir niðurstaðar Skipulagsstofnunnar er varðar hugsanlega matsskyldu framkvæmdarinnar og telur stofnunin framkvæmdina ekki háða mati á umhverfisáhrifum. Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa UTU að gefa út framkvæmdaleyfið.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. Erindi frá Grímsnes- og Grafningshreppi – sameiginleg vatnsöflun

Lögð fram fyrirspurn til Flóahrepps frá Grímsnes- og Grafningshreppi um það hvort áhugi sé fyrir því að fara í könnun á möguleikum þessara sveitarfélaga til sameiginlegrar vatnsöflunar til þess að tryggja vatnsveitum þeirra nægilegt vatn til framtíðaruppbyggingar.

Sameiginleg vatnsöflun 5 sveitarfélaga frá Fljótsbotnum í Bláskógarbyggð hefur verið til skoðunar að undanfögnu. Óvíst er um þátttöku nágrannasveitarfélaga í verkefninu og endanlegan kostnað Flóahrepps við stofnlögn af þeim sökum. Könnun á örðum valkostum er því tækifæri til þess að leita hagstæðari leiða. Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar fyrir erindið, tekur jákvætt í þessar hugmyndir og oddvita/sveitarstjóra falið að afla frekari upplýsinga.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Fundargerðir:

a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 247, dags. 03.04.2021

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Framkvæmda- og veitunefndar Flóahrepps dags. 21.04.2021

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

6. Önnur mál:

Kaup á bifreið fyrir vinnuskóla og fasteignasvið.

Fyrir liggur að umsjónarmaður fasteigna er bíllaus þann tíma sem vinnuskólinn starfar.

Stefnt er að því að leysa málið með kaupum á rafmagnsbíl sem hentar vel fyrir þetta verkefni.

Oddvita/sveitarstjóra falið að kynna sér málið nánar fyrir næsta fund.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Næsti fundur sveitastjórnar Flóahrepps verður haldinn þriðjudaginn 11. maí 2021 klukkan 13:00 í Þingborg/“Teams“ fjarfundabúnaður.

Árni Eiríksson (sign)

Rósa Matthíasdóttir (sign)

Hrafnkell Guðnason (sign)

Margrét Jónsdóttir (sign)

Sigurður Ingi Sigurðsson (sign)

Eydís Þ. Indriðadóttir (sign)